

AUGLÝSING

81

9. nóv.

um samkomulag milli Íslands og Bretlands um afnám vegabréfsáritana.

Í framhaldi af samkomulagi milli Íslands og Bretlands frá 20. júní 1947 (Stj.tíð. A. 101/1947) var hinn 26. október 1948 undirritað samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir íslenska ríkishborgara, er ferðast vilja til brezkra nýlendna.

Samkomulag þetta gengur í gildi hinn 10. nóvember 1948.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. nóvember 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

L Ö G

82

13. nóv.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku handa ríkissjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 15 milljón króna innanríkislán handa ríkissjóði. Skal fé þessu varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs. Tilhögun lánsútboðsins skal nánar ákveðin með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. nóvember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

83

26. nóv.

um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú ákveður fjármálaráðherra að nota gildandi lagaheimildir til lántöku fyrir ríkissjóð á þann hátt, að út verði boðin happdrættislán, og skulu þá vinningar þeirra undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

83

2. gr.

26. nóv.

Krafa um áfallinn vinning fyrnist á þremur árum frá gjalddaga. Sé vinnings ekki vitjað innan þess tíma, verður hann eign ríkissjóðs.

3. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf happdrættislána þeirra, er um getur í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. nóvember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

84

L Ö G

3. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1949.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1949 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.